

# Garðakvistill 'Kjarri'

## Physocarpus opulifolius 'Kjarri'

Ætt: Rósaætt – Rosaceae

**Hraðvaxta og gróskumikill blómstrandi runni.**



**Lýsing:** Meðalhár, gróskumikill og hraðvaxta runni. 'Kjarri' er þéttvaxnasta yrki garðakvistils í safni Yndisgróðurs. **Blöð** eru egglega eða kringlótt með hjartalaga grunni og 3-5 sepum, minna nokkuð á rifs. Börkur á gömlum greinum flagnar gjarnan. **Blómstrar** í byrjun júlí hvítum blómum sem eru mörg saman í hvelfdum hálfveip. Blómsælast þeirra yrkja sem eru í safni yndisgróðurs. Góð uppspretta fyrir blómasykur (nektar) í býflugnarækt. **Haustlitir** eru gulir en koma sjaldan hjá okkur. Verður um 2-2,5 m hár og 2 m breiður. Meðalhæð eftir 5 ár er um 1,5 m við góðar aðstæður og tæpir 2 m eftir 8 ár (í yndisgarðinum á Reykjum).

**Uppruni:** Garðakvistill er uppruninn frá N-Ameríku. Hann er til frá gamalli tíð í görðum helstu bæja, var áður kallaður blásurrunni. Ekki er vitað nákvæmlega hvaðan yrkið 'Kjarri' er upprunnið en það kemur af runna sem vex í Laugardalsgarðinum í Reykjavík og er líklega upprunalega úr grasagarði Reykjavíkur.



*Garðakvistill 'Kjarri' er blómsæll og hafa blómin þótt einna fallegust af þeim yrkjum sem eru í ræktun.*



*Greinar af garðakvistli eru fallega brúnar en börkur á gömlum greinum flagnar af.*



*Garðakvistill 'Kjarri' á Reykjum í júlí 2011, gróðursettur 2008.*



*Garðakvistill 'Kjarri' á Reykjum í júlí 2014, gróðursettur 2008.*

Honum var fyrst fjölgað af ræktunarstöð Reykjavíkurborgar um 1990 en síðar af garðplöntustöðinni Kjarri. Var gefið yrkisheitið Kjarri árið 2015 eftir garðplöntustöðinni Kjarr sem fyrst setti yrkið á almennan markað. Íslenskt yrki, valið sem úrvalsyrki af yrkisnefnd Yndisgróðurs árið 2013.

**Notkun:** Garðakvistill hentar vel í röðum eða runnaþyrpingum, einn sér eða með öðrum runnum af svipaðri stærð. Hentar vel í jaðar trjábelta, á opnum grænum svæðum og í skjólbeltum. Bil milli plantna ætti að vera um 0,8-1,5 m. Garðakvistill er notaður í N-Ameríku til að binda bratta fláa.

**Ræktun og harðgeri:** Gróskumikill, harðger og hraðvaxta runni. Þolir vel nokkurn skugga en blómstrar betur á sólríkum stað. Vex í heimkynnum sýnum í rökum jarðvegi á sendnum árbökkum og í grýttum fjallshlíðum. Hefur mikla aðlögun gangvart jarðvegi en þrífst best í vel framræstum frjósömum jarðvegi. Er nokkuð þurrkþolinn en vill síður blautan mýrarjarðveg. Er nokkuð vind- og saltþolinn, þrífst vel í hafrænu loftslagi. Reynsla sýnir að garðakvistill 'Kjarri' er mjög harðger í öllum klónasöfnum Yndisgróðurs og ætti því að þrífast vel á svæði A, B og C. Harðger í uppeldi og í útplöntun.

**Umhirða:** Umhirða garðakvistils er einföld og hentar hann því mjög vel fyrir opin svæði á vegum sveitafélaga og í skjólbelti. Garðakvistill er þéttvaxinn og þarf litla klippingu. Hann þolir klippingu vel en það breytir náttúrulegu útliti hans og kemur niður á blómgun. Það má þó endurnýja hann með því að klippa niður gamlar greinar.

**Óþrif og skaðvaldar:** Garðakvistill er heilbrigður runni með góða mótstöðu bæði gagnvart sjúkdómum og skordýrum.

**Fjölgun:** Garðakvistli er fjölgað með sumar-græðlingum.



*Garðakvistill 'Kjarri' í blóma í júlí.*



*Blöð og greinar garðakvistils í október.*